

# Eystrahorn

11. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 19. mars 2020

www.eystrahorn.is

## Menningarhátíð Í Nýheimum

Föstudaginn 13. mars var mikið um dýrðir hér í Sveitarfélaginu Hornafirði, en þá var haldin vegleg menningarhátíð Sveitarfélagsins í Nýheimum, þar voru afhentir styrkir og viðurkenningar sveitarfélagsins. Alls voru 28 styrkir veittir, það voru styrkir menningarmálanefndar, bæjarráðs, fræðslu- og tólmstundarnefndar, sem og styrkir úr atvinnu- og rannsóknarsjóði. Matthildur Ásmundardóttir bæjarstjóri setti hátíðina og kom fram í máli hennar mikilvægi þess að koma saman og fagna fjölbreyttri menningu, umhverfisvitund og frumkvöðlastarfi í sveitarfélaginu því menning er samofin samfélaginu og órjúfanlegur hluti þess.

### Menningarverðlaun fyrir árið 2019

Menningarverðlaun hafa verið veitt frá árinu 1994 og í ár voru tíu einstaklingar tilnefndir til verðlaunanna. Fram kom í ræðu Eyrúnar Helgu Ávarsdóttur forstöðumanns Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar að hlutverk verðlauna er að veita hvatningu til handa listamönnum, fræðimönnum og áhrifavöldum fyrir verk sín. Það að vera tilnefndur er heiður og sönnun þess að verkin ykkar skipta okkur máli.

Menningarverðlaun Hornafjarðar hlaut að þessu sinni Kristján Heiðar Sigurðsson fyrir sitt ævistarf til menningarmála. Hann er mikill tónlistarmaður og hefur auðgað menningu Hornafjarðar um árabil og sinnt af mikilli kostgæfni og elju hinum ýmsu menningarverkefnum í sveitarfélaginu.

Heiðar byrjaði ungur að spila á hljóðfæri, stofnaði og hefur verið meðlimur í fjöldanum af hljómsveitum alla sína tíð og fóru þeir félagar í hljómsveitinni Vitringarnir t.d. í Músiktilraunir árið 1989. Hljómsveitir Heiðars hafa skemmt Hornfirðingum á dansleikjum og skemmtunum í sveitarfélaginu í gegnum tíðina. Heiðar hefur verið þátttakandi í hinum ýmsu menningartengdu verkefnum í gegnum árin, hann hefur komið að uppsetningu söngleikja, söngvakeppna, stýrt hljóðkerfum á hinum ýmsu viðburðum og staðið vaktina sem hljóðmaður, tæknimaður, tónlistarstjóri, svo eitthvað sé nefnt, og sinnt þessum verkefnum af miklum metnaði.

Hann er einn af stöfundum Hornfirska Skemmtifélagsins og hefur verið tónlistarstjóri félagsins



frá upphafi eða síðan fyrsta sýningin var sett upp haustið 2002.

Heiðar starfaði sem tónlistarkennari í Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu frá árinu 2005 til 2016.

Heiðar hefur verið kórstjóri Kvennakórs Hornafjarðar frá árinu 2009. Hann hefur samið og útsett fjöldann allan af lögum og leitt kórinn í hinum ýmsu söngverkefnum innan lands sem utan. Heiðar stýrir kórnum af miklum metnaði og eldmóð.

### Atvinnu og rannsóknarsjóður

Bjarn Ólafur Stefánsson fulltrúi í Atvinnu- og menningarmálanefndar afhenti styrki atvinnu og rannsóknarsjóðs, fram kom í máli hans að í ár hafi nefndinni borist 12 metnaðarfullar umsóknir í sjóðinn. Hljóðaði heildarupphæð umsóknanna upp á rúmar tíu milljónir en alls voru 2.3 milljónir króna til úthlutunar.

Einnig tók Bjarni Ólafur fram að meginhlutverk sjóðsins væri: „Að efla byggð og atvinnu í Sveitarfélaginu Hornafirði og er sjóðnum ætlað að veita styrki til verkefna sem lúta að atvinnuþróun, rannsóknum og nýsköpun í Sveitarfélaginu Hornafirði.“

Í ár var einni milljón úthlutað úr A-hluta og hlaut HLS styrkinn að þessu sinni fyrir verkefnið „Eystrahorn – Mannlífþættir“ Úr B-hluta var úthlutað 1.3 milljónum. Náttúrustofa Suðausturlands hlaut tvo styrki, annarsvegar fyrir verkefnið „Tjarnir – rannsókn á fuglalífi við tjarnir“ og hinsvegar fyrir verkefnið „Lurkana heim – til sýningar eftir forvörslu“. Ennfremur hlaut Sigurlaug Gissurardóttir styrk fyrir verkefnið „Skrásetning á sögu

kvenfélaga í Austur-Skaftafellssýslu“ og Íris Ragnarsdóttir Pedersen og Erla Guðný Helgadóttir fyrir verkefnið „Öræfaskólinn“

### Umhverfisviðurkenningar

Finnur Smári Torfason, varaformaður umhverfis- og skipulagsnefndar veitti umhverfisviðurkenningar fyrir hönd nefndarinnar.

Tilgangur viðurkenninganna er að vekja íbúa sveitarfélagsins til umhugsunar um gildi náttúru og umhverfis á samfélagið og jafnframt að hvetja þá til að sýna náttúru og umhverfi tilhlýðilega virðingu.

Í ár voru veittar þrjár viðurkenningar. Í flokki fyrirtækja og stofnana, lögbýla og að auki var veitt viðurkenning fyrir fallga lóð.

Heiðrún Þorsteinsdóttir og Hermann Hansson fengu viðurkenningu fyrir fallga lóð og snyrtilega lóð að Hlíðartúni 14.

Pakkhúsið fékk viðurkenningu í flokki fyrirtækja og stofnana fyrir vel hirta og snyrtilega lóð.

Gunnar Helgason og Hafdís Bergmannsdóttir að Stóra-Bóli fengu viðurkenningu fyrir falllegt og snyrtilegt lögbýli.

Hornfirðingar eru hvattir til að taka fyrrnefnda aðila til fyrirmyndar, umhverfi og samfélagi til góðs. Einnig eru íbúar hvattir til að senda inn tilnefningar til umhverfisviðurkenninga 2020 í haust.

### Styrkir nefnda og bæjarráðs.

Alls bárust fjórtán umsóknir um Menningarstyrki, og eru þeir veittir félagasamtökum og einstaklingum til menningartengdra verkefna. Fram kom í máli Eyrúnar Helgu að

með þessum styrkjum vilji nefndin hvetja og styrkja félagasamtök og einstaklinga til frekari starfa í þágu menningar.

Eftirtalin félagasamtök hlutu styrk að þessu sinni:

Blús- og rokkklúbbur Hornafjarðar, Gleðigjafar, Hornfirska Skemmtifélagið, Karlakórinn Jökull, Kvennakór Hornafjarðar, Leikfélag Hornafjarðar, Lúðrasveit Hornafjarðar, Samkór Hornafjarðar, Heiðar Sigurðsson „Þú komst með jólin til mín“, Teresa María Rívarola „Fingraleikhús“, Vilhjálmur Magnússon „Virdós“, Félag Harmonikkunnenda, Félag áhugafólks um myndlist og Barnastarf Hafnarkirkju.

Frá fræðslu- og tólmstundaneft fengu sex félagasamtök styrki en það voru: Hestamannafélagið Hornfirðingur, Klífurfélag Öræfinga, Umf. Sindri – rafíþróttadeild, Umf. Sindri – fimleikadeild, foreldrafélag Sjónarhóls og foreldrafélag Grunnskóla Hornafjarðar.

Bæjarráð veitti eftirtöldum styrki í ár: Karlakórinn Jökull styrk til að halda Kötlumót, sambands sunnlesskra Karlakóra, Skógræktarfélag Austur-Skaftafellssýslu, Hirðingjarnir og Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu.

Athófnin var hátíðleg að vanda Unnur Birna og Bjóssi Thor tóku lagið með hljómsveit sinni og Karlakórinn Jökull tók vel valin lög undir stjórn Jóhanns Morávek við undirleik Guðlaugar Hestnes.

**Öllum styrk- og verðlaunahöfum er óskað til hamingju.**

Áður boðaðir aðalsafnaðarfundur og aðalfundur kirkjugarðanna, sem vera áttu 22. mars n.k., er frestað um óákveðinn tíma.

**Sóknarnefnd Hafnarsóknar**

Ég þakka öllum vinum mínum sem glöddu mig á 70 ára afmælinu mínu þann 14. mars s.l.

Guð blessi ykkur öll.

*Edda Guðbjörg Sveinsdóttir*

## Múrfeðgar

Getum bætt við okkur verkefnum.  
Getum tekið að okkur fræslingu fyrir gólfhitalagnir. Leitið tilboða.

*Ingvar S: 863-7745,  
Snæbjörn S: 867-2882*



Myndvinnsla, umbrot og auglýsingagerð.

Hafðu samband:  
[tjorvi@upplausn.is](mailto:tjorvi@upplausn.is)  
eða í síma 848-3933.

## Vildaráskrift Eystrahorns

*Við viljum hvetja lesendur Eystrahorns að kynna sér vildaráskriftina.*

Þeir sem vilja styrkja útgáfuna geta greitt frjálst framlag, svokallaða vildaráskrift inn á reikning útgáfunnar. Hægt er að greiða áskriftina t.d. mánaðarlega, nokkra mánuði í einu eða eins og hentar hverjum og einum. Vildaráskriftin er frjálst framlag t.d. 1000 kr. á mánuði.

**HLS ehf.**  
**Rnr. 537-26-55002**  
**kt.500210-2490**

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)  
Prófaralestur.... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent  
ISSN 1670-4126



## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



## FÉLAGSSTARF FEH FELLUR NIÐUR !

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu út af Covid 19 veirunnar og varúðar-ráðstafana vegna útbreiðslu hennar hefur stjórn Félags eldri Hornfirðinga ákveðið að fella niður tímabundið allt félagsstarf félagsins í Ekru frá og með 16. mars 2020. -Aðalfundi frestað !

Farið varlega og fylgið leiðbeiningum



## Andlát

**Magnús Ásgeir Lárusson** fæddist í Svínafelli í Örafum 24. júní 1925. Hann lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði miðvikudaginn 4. mars síðastliðinn. Foreldrar hans voru Lárus Magnússon frá Svínafelli í Örafum og Ingunn Björnsdóttir frá Gauksstöðum Norður-Múlasýslu. Systkini Magnúsar eru Sigurður Lárusson f. 12. nóv. 1923, d. 8. apríl 1950 og Laufey Lárusdóttir f. 14. ágúst 1927.



Eiginkona Magnúsar var Svafa Jóhannsdóttir fædd á Höfn 15. september árið 1924. Hún lést 6. nóvember 1994. Börn Magnúsar og Svöfu eru:

Guðbjörg f. 5. júlí 1948, Sigríður f. 22. október 1949 d. 18. mars 2014, Auður Lóa f. 7. mars 1953, Inga Ragnheiður f. 27. október 1954, Hrefna f. 1. maí 1956, Erna f. 1. maí 1956, d. 3. apríl 1958, Óskar Kristinn f. 14. mars 1962, d. 10. mars 1971. Einnig eignuðust þau andvana dreng 7. mars árið 1968.

Börnin eru því átta talsins, barnabörnin 14 og barnabörnin eru 22.

Magnús ólst upp á Bólta í Svínafelli í Örafum. Ung að árum felldu þau Svafa Jóhannsdóttir hugi saman. Þau hófu búskap á Litla-Höfn en fluttust árið 1950 á Bólta í Svínafelli og tóku þar við búi föðurs Magnúsar sem systkini hans þau Sigurður og Laufey höfðu séð um ásamt foreldrum sínum. Þau Magnús og Svafa gengu í hjónaband 29. nóvember 1951. Þau voru að mestu með fjár- og kúabúskap á Böltanum en Magnús átti einnig vörubíl sem hann notaði í flutninga yfir Skeiðará á meðan hún var enn óbrúuð en einnig notaði hann bílinn við bústörfin og við vegagerð. Einnig hafði Magnús gaman af hestamennsku og t.a.m. átti hann og ræktaði litförott hross. Magnús vann einnig til sjós á yngri árum. Barnabörnin Ásgeir sonur Sigríðar og Magnús Örn sonur Hrefnu ólust upp á Svínafelli hjá þeim hjónum. Þau hjónin bjuggu á Böltanum allt til ársins 1994 þegar Svafa lést eftir stutta sjúkdómslegu. Þá fluttist Magnús á Höfn en þar höfðu þau hjónin átt íbúð en á Höfn hafði hann verið á vertíðum. Magnús dvaldist á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði frá árinu 2017.

**Útför Magnúsar hefur farið fram frá Hofskirkju.**

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu og sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs á Höfn fyrir góða umönnun og hlýhug.*

# Stóra upplestrarkeppnin



Karen Hulda, Atli og Elín Ósk með verðlaunin

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar fór að þessu sinni fram í Hafnarkirkju miðvikudaginn 12. mars. Keppendur voru alls 14 og komu ellefu frá Grunnskóla Hornafjarðar, tveir frá Djúpavogsskóla og einn úr Grunnskólanum Hofgarði í Öræfum. Keppendur stóðu sig öll vel og var unun að hlýða á lesturinn. Sigurvegari keppinnar var Elín Ósk Óskarsdóttir í Grunnskóla Hornafjarðar, í öðru sæti var Sigurður Atli Egilsson í Djúpavogsskóla og í þriðja sæti var Karen Hulda Finnsdóttir í Grunnskóla Hornafjarðar.

Dómnefnd skipuðu: Baldur Sigurðsson formaður dómnefndar, Elisabet Guðmundsdóttir, María Gísladóttir, Gísli Magnússon og Zophonías Torfason. Kynnir á keppninni var Arna Lind Kristinsdóttir nemandi í 8. bekk Grunnskóla Hornafjarðar. Um tónlist sáu nemendur úr Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu og Tónskóla Djúpavogs.

Mjólkursamsalan bauð upp á kókomjólk með veitingunum sem foreldrar nemenda í 7. bekk sáu um en voru í boði skólaskrifstofu Hornafjarðar.

Við óskum vinningshöfum innilega til hamingju og jafnframt þökkum við öllum keppendum fyrir fallegan upplestur.

## Gólfhitafræsing

Fræsum rásir fyrir gólfhitalögnum, erum með nýlegar vélar sem eru nánast ryklaugar. Gerum föst verðtilboð.

Tökum að okkur verkefni um allt land.

Nánari upplýsingar í síma:

848-7066 - Stefán

867-1124 - Einar

Þyrnishóll ehf



HEILSUMHORN HSU

## Ónógur svefn barna og unglinga- hefur neikvæð áhrif á líf þeirra !

- Fylgið útivistarreglum
- Yngstu skólabörnin þurfa u.þ.b. 9 klst. svefn yfir nóttina
- Unglingar þurfa u.þ.b. 10 klst. svefn yfir nóttina
- Að sofa á daginn kemur ekki í staðinn fyrir tapaðan nætursvefn.
- Lengd og gæði nætursvefns hefur áhrif á námsgetu og minni
- Úrvinnsla úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið yfir daginn fer fram í svefni
- Svefninn er nauðsynlegur fyrir vöxt og þroska barna og unglinga.

Góður svefn er öllum lífsnauðsynlegur til að geta tekist á við viðfangs-efni dagsins. Yngstu skólabörnin þurfa að sofa í kringum 9 tíma á nóttu en þegar komið er fram á unglingsárin eykst svefnþörfin um u.þ.b. klukkustund vegna þess aukna álags sem fylgir gelgjuskeiðinu. Niðurstöður rannsókna hafa sýnt að lengd og gæði nætursvefns hefur áhrif á námsgetu og minni. Í svefni er verið að rifja upp og vinna úr þeim upplýsingum sem við höfum fengið yfir daginn, þessar upplýsingar festast í minninu. Ónæmiskerfið virkjust þegar við sofum og því er svefninn nauðsynlegur til að auka mótstöðu gegn veikindum og fyrir vöxt og þroska unglingsins. Á unglingsárunum eiga sér stað miklar hormónabreytingar í líkamanum. Mikill hluti þeirra hormóna framleiðir líkaminn á næturnar og er sú framleiðsla háð góðum nætursvefni. Að sofa á daginn kemur því ekki í staðinn fyrir tapaðan nætursvefn.

Góðar svefnvenjur barna og unglinga stuðla að hamingjusamara lífi, meiri ábyrgð á heilsunni, hollari matarvenjum, færni til að takast á við streitu og auka líkurnar á reglulegri hreyfingu.

### Nokkur einföld ráð fyrir foreldra sem komið geta að notum við að hjálpa börnum og unglungum að ná betri nætursvefni.

1. Koma á reglulegum svefntíma þ.e. sofna og vakna á svipuðum tíma á hverjum degi. Ef börn og unglingar fá nægjanlegan svefn á virkum dögum þurfa þau ekki að sofa lengur um helgar.
2. Ef börn og unglingar eru mjög þreytt á daginn þá getur hjálpað að fá sér stuttan lúur. Þó ekki lengur en klukkustund, þá gæti það reynst þeim erfitt að sofna á kvöldin.
3. Fylgið útivistareglum alla daga vikunnar því þær taka mið að svefnþörf barna. Gott er að börn og unglingar hafi tíma til rólegrar stundar áður en þau fara í rúmið.
4. Takmarka tölvunotkun og sjónvarpsáhorf seint á kvöldin. Bæði sjónvarp og tölvuleikir örva heilann og trufla þannig svefn.
5. Gott samband foreldra við börn og unglinga stuðlar að góðri líðan. Áhyggjur og streita geta valdið ónógum nætursvefni. Með því að vera í góðu sambandi við börnin og unglunga og reyna að skilja tilfinningar þeirra og líðan getum við stuðlað að aukinni hugarró og betri líðan hjá þeim.
6. Dagleg hreyfing og hollt mataræði er gott bæði fyrir svefninn og heilsuna. Hvetjið börn og unglinga til að stunda íþróttir eða daglega hreyfingu í frítímanum. Ekki er gott að borða þunga fæðu eða sykur fyrir svefninn.

Í lokin viljum við minna foreldra og forráðamenn á að gott fordæmi eykur áhrif góðra ráða.

Fh Heilbrigðisstofnunar Suðurlands  
Jónína Lóa Kristjánsdóttir  
hjúkrunarfræðingur heilsugæslustöð Selfoss



## Ályktun frá Ferðamálafélagi Austur-Skaftafellssýslu

Áhrifinafalli Wow-air á vormánuðum 2019 voru nokkur innan ferðaþjónustunnar strax í kjölfarið, en komu einkum fram á síðara hluta ársins 2019 þegar sætaframboð annarra flugfélaga til Íslands dróst saman. Í opinberum tölum hefur ferðamönnum fækkað á landinu á milli ára yfir jaðarmánuði ferðamannatímabilsins, sem nú þegar hefur komið illa niður á mörgum fyrirtækjum innan ferðaþjónustunnar. Í ljósi fordæmalausrar stöðu innan hennar og raunar í atvinnulífinu öllu, sem einkum má rekja til Covid-19 veirunnar sem kemur í kjölfar niðursveiflu, sem að hluta til má rekja til falls Wow-air horfir atvinnugreinin fram á mikla óvissu á allra næstu vikum og mánuðum. Alls óvíst er um þessar mundir hver staðan verður þegar háannatímabil ferðaþjónustunnar mun ganga í garð, sem alla jafna er um hásumar. Það með hvaða hætti hið opinbera stígur inn í, hvort sem um ræðir ríkisvaldið

eða sveitarfélög, á allra næstu dögum og vikum getur skipt sköpum í því að treysta í sessi rekstrargrundvöll fjölmargra fyrirtækja sem í venjulegu árferði teljast lífvænleg fyrirtæki. Fjölmargir Hornfirðingar sem áður höfðu flust búferlum til höfuðborgarinnar hafa fundið sér starfsframa í ferðaþjónustunni í heimabyggð, auk þess sem gamalgróin fyrirtæki hafa vaxið og dafnað sem aldrei fyrr hin síðustu misseri. Á þetta vitaskuld einnig við um ferðaþjónustuna í öðrum sveitarfélögum. Mikilvægi þess fyrir sveitarfélagið að treysta í sessi starfsemi fyrirtækja í heimabyggð verður að telja ótvírætt og það sama á við um ríkisvaldið. Þegar atvinnugreinin horfir fram á mikinn tekjusamdrátt á næstunni verður að telja að miklu skiptir að hið opinbera láti ekki eftir sitt liggja. Er skorað á stjórnvöld, sveitarfélagið auk ríkisstjórnarinnar, að endurskoða allar opinberar álögur fyrir utan það

sem þegar hefur verið kynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar. Í því sambandi verður að telja að allar almennar ákvarðanir geti stuðlað að því að hjálpa fyrirtækjum að komast yfir erfiðasta tímabilið sem virðist vera að ganga í hönd á allra næstu dögum og vikum. Er í ljósi framangreinds við þessar fordæmalaus og óvenjulegu aðstæður lagt til, hvort sem það samræmist gildandi lögum eða þarfnast lagabreytinga, að skoða verði af hálfu hins opinbera hvort:

- Sveitarfélög geti lækkað og/eða endurákvæðað fasteignagjöld fyrir árið 2020 á atvinnustarfssemi.
- Ríkisstjórnin meti möguleika og áhrif þess að lækka virðisaukaskatt tímabundið innan ferðaþjónustunnar.
- Fella megi niður gistinguáttagjald tímabundið.
- Lækka megi starfshlutfall starfmanna ferðaþjónustunnar tímabundið með það fyrir augum að hluti launa greiðist úr atvinnuleysistryggingarsjóði.



## Vilt þú hjálpa okkur að gæta hagsmuna þjóðarinnar?

Fiskistofa óskar eftir að ráða metnaðarfulla og jákvæða starfsmenn í veiðieftirlit í **Stykkishólmi** og á **Höfn í Hornafirði**. Ef ekki tekst að ráða í störf í áyrreindum starfsstöðvum, miðað við hæfniskröfur þá verður unnið úr umsóknum um störf á starfsstöð í **Hafnarfirði** og á **Akureyri**. **Veiðieftirlit er einn mikilvægasti þáttur í starfsemi Fiskistofu og er eftirlitið í stöðugri þróun.**

### Helstu verkefni:

- Eftirlit á sjó, en í því felst m.a. lengdarmæling á fiski og tillögugerð um lokanir veiðisvæða, eftirlit með aflasamsetningu, veiðarfærum, hlutfalli smáfisks í afla og brottkasti afla. Þá fylgjast veiðieftirlitsmenn einnig með því að afladagbækur séu rétt útfylltar og séu í samræmi við veiðar og afla um borð.
- Eftirlit í landi, en það felur m.a. í sér eftirlit með löndun, vigtun og skráningu afla, eftirlit með veiðarfærum og aflasamsetningu, lengdarmælingar á afla og eftirlit með færslu afladagbóka. Eftirlit með löndunum erlendra skipa og úttektir á afurðum vinnsluskipa, eftirlit með lax- og silungsvæði ásamt skrifstofustörfum s.s. skýrslugerð þegar vettvangsstörfum lýkur, að fylgjast með löndunum og skráningum í aflaskráningarkerfi Fiskistofu og öflun gagna vegna brotamála sem upp koma.

Mögulegt er að semja um hlutfall sjósóknar í starfinu.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Haldgóð reynsla af störfum í sjávarútvegi.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta er áskilin.
- Gott heilsufar sbr. heilsufarskröfur Fiskistofu
- Sjálfstæði, fagmennska og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Sanngirni og háttvísi.
- Mjög góð hæfni í samskiptum nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi s.s. skipstjórnarréttindi, stúdentspróf eða iðnmenntun æskileg.

Mannauður Fiskistofu er grunnstöðin í starfsemi hennar og er lögð mikil áhersla á starfsþróun, teymisvinnu og þekkingarmiðlun.

Starfandi veiðieftirlitsmenn eru nær eingöngu karlar og er því athygli kvenna sérstaklega vakin á starfinu í þeim tilgangi að jafna kynjahlutföll í starfsgreininni, sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

### Nánari upplýsingar um störfina veitir Sævar Guðmundsson, deildarstjóri í veiðieftirliti eða Hildur Ösp Gylfadóttir sviðsstjóri mannauðs og fjármála í síma 5697900

Ferilskrá á íslensku sem hefur m.a. að geyma ítarlegar upplýsingar um menntun, fyrri störf og umsagnaraðila sem og kynningarbréf þar sem hæfni viðkomandi umsækjanda í starfi er rökstudd sendist í gegnum heimasíðu fiskistofu, [www.fiskistofa.is](http://www.fiskistofa.is) Í kynningarbréfi skal koma skýrt fram við hvaða starfsstöð umsækjandi óskar eftir að starfa við.

Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, með vísan til 3. tl. 2. mgr. 2. gr. regla nr. 464/1996 um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

### Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2020.

Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við Sameyki. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.